

UMSÖGN

Mannanöfn, 9. mál, lagafrumvarp, 149. löggjafarþing 2018–2019

Öll lög ber að taka reglulega til endurskoðunar. Lög um mannanöfn hafa oft verið gagnrýnd og ýmsir úrskurðir mannanafnanefndar sömuleiðis. Bendir það til þess að tímabært sé að endurskoða lögin, sérstaklega ákvæði um nafnbreytingar og um karlmanns- og kvenmannsnöfn.

Á þessu frumvarpi er hins vegar sá galli að það er grundvallað á rangri forsendu, þeirri að hinn frjálsslyndi andi komi best fram í því að láta íslensku, þjóðtungu Íslendinga, lönd og leið og minnst þannig hvergi á tungumálið í lögum sem þó snúast um tungumálið. Að öðru leyti gætir hins frjálsslynda anda lítið í frumvarpinu og sú hugmynd að ekki skuli taka tillit til íslensks málkerfis eða íslenskrar nafnahefðar reynist leiða til mótsagna, ósamræmis og álíka mismununar og þeirrar sem gagnrýnd er í ríkjandi lögum.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

1. grein, fyrsta efnisgrein: Þar er lagt til að hver einstaklingur skuli að lágmarki bera bæði eiginnafn og kenninafn. Hvers vegna? Fyrir því eru fyrst og fremst hefðarrök. Fjöldi manna um heim allan heitir aðeins einu nafni og engin sérstök efnisleg rök mæla gegn því. Sé íþyngjandi að nöfn á Íslandi séu í samræmi við íslenskt málkerfi, eins og haldið er fram í III. kafla greinargerðar með frumvarpinu, má alveg eins halda því fram að það sé á sama hátt íþyngjandi að fara fram á að hver einstaklingur beri tvö nöfn án þess að fyrir því séu færð efnisleg rök. Ef flutningsmenn vilja að tungumálið taki breytingum og þróist, hvaða rök geta þá verið fyrir því að skylda alla til að bera tvö nöfn?

1. grein, önnur efnisgrein: Þar er sagt að kenna skuli börn til foreldris eða foreldra. Fyrir því eru ekki heldur nein önnur rök en hefðarrök sem flutningsmenn segjast þó hafna. Ef

Íslensk málhefð á ekki að skipta máli í mannanafnalögum mætti þannig alveg eins kenna barn til afa eða ömmu eða frænda eða frænku eða hvers sem er. Spyrja má hvers vegna ákvæði um að nöfn samræmist íslensku málkerfi eru felld burt en samt á alþingi að hlutast til um hvaða ættingja fólk kennir sig við.

1. grein, þriðja efnisgrein: Þar er skilgreint hvernig skuli mynda kenninöfn, bæði með hefðbundnu myndunum -son og -dóttir og með glænýjum endingunum -barn og -bur sem enn er engan veginn víst hvort Íslendingar vilji nota. Hvers vegna mætti þá ekki alveg eins nota -fóstri eða -frændi eða -systir? Þetta er engan veginn skýrt í frumvarpinu.

Einnig skal lögfest að þessi kenninöfn séu í eignarfalli en fyrir því eru enn engin haldbær rök nema hefðarrök. Þó eru til dæmi um fólk sem vildi ekki kenna sig við föður í eignarfalli (m.a. skáldið Þorgeir Þorgeirson) og þessi grein er því í ósamræmi við hinn yfirlýsta tilgang frumvarpsins að frelsa mannanöfn frá íþyngjandi hefðum og venjum.

1. grein, fjórða efnisgrein: Ef þessi grein er skoðuð vandlega reynist hún gera aðra og þriðju efnisgrein 1. greinar frumvarpsins óþarfar. Þar er sagt að heimilt sé að nota ættarnafn án neinna takmarkana en í skýringargrein kemur fram að hvað sem er geti talist ættarnafn, þá væntanlega einnig nafn föður eða móður í öðrum föllum en eignarfalli eða ýmsar vísanir til ættingja aðrar en bur og barn. Það merkir að einstaklingum verður samkvæmt frumvarpinu heimilt að heita Jónína Jónína, Jón Sigurðarfóstri, Jón Sigurðurson, Jón Margrétson, Jón Duddudu, Johnson Nixon eða XYZ ÞÆÖ, en alls ekki einvörðungu Jón eða Guðrún, Dagur eða Megas; það verður áfram bannað. Hætt er við að þetta muni mörgum þykja engu minni mismunun en sú sem gagnrýnd er í rökstuðningi við frumvarpið.

2.-9. grein: Aðrar greinar frumvarpsins eru flestar óbreyttar frá gildandi lögum sem vekur þó athygli í ljósi hins yfirlýsta frjálslýnda anda frumvarpsins. Hann reynist aðeins snúast um að frelsa Íslendinga undan íslenskri tungu en áfram skal fólk sektað fyrir að gefa börnum ekki nöfn innan tiltekins tíma og áfram verður bannað að rita nafn sitt á nokkurt opinbert plagg öðruvísi en það stendur í þjóðskrá þó að sú regla hafi óskýran tilgang.

Eins og áður hefur verið bent á gengur þetta frumvarp gegn anda laga um íslenska tungu (61/2011) en óháð því er 1. greinin full af innbyrðis ósamræmi og mun sennilega valda ívið meiri úlfúð meðal þjóðarinnar en gildandi lög.

Meginforsenda flutningsmanna er sú að það geti verið íþyngjandi fyrir fólk að heita íslensku nafni. Á hinn bóginn verður ekki séð að það sé neitt frekar íþyngjandi en fjölmargt annað sem verður að lögum frá alþingi ár hvert. Íslenska er tungumál fámennrar sjálfstæðrar eyþjóðar og ef vilji alþingis er að halda í hana og þá miklu og merkilegu menningu sem henni fylgir, þá er fráleitt að setja mannanafnalög þar sem hvergi er minnst á tungumálið. Varla heldur nokkur því fram að mannanöfn séu ekki hluti af tungumálinu?

Full ástæða er því til að hvetja alþingi til að veita þessu máli ekki brautargengi eins og það er nú lagt fram en endurskoða þess í stað núverandi mannanafnalög með tilliti til ýmissa sjónarmiða sem haldið er á lofti í þessu frumvarpi en jafnframt með fullu tilliti til íslenskrar tungu og menningar.

Reykjavík, 15. október 2018

Ármann Jakobsson,
prófessor í íslenskum bókmenntum,
varaformaður íslenskrar málnefndar